

Pétur Davíðsson

From: Jón Eiríkur Einarsson
Sent: mánudagur, 29. júlí 2024 11:07
To: Pétur Davíðsson; Kristín Jónsdóttir; Óli Rúnar Ástþórsson; Guðný Elíasdóttir; Sigrún Guttormsdóttir Þormar
Subject: FS: 2024061471 - Vegna beiðnar um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu skv. sveitarstjórnarlögum [#413]
Categories: Vistað í OneCRM; 2407005
One: -1

Frá: Samband íslenskra sveitarfélaga - Þjónusta
Sent: föstudagur, 12. júlí 2024 09:24
Til: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>
Efni: Fwd: 2024061471 - Vegna beiðnar um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu skv. sveitarstjórnarlögum [#413]

#-- Vinsamlega ritið svar fyrir ofan þessa línu. --#

Nýtt svar við fyrirspurn #413 . Til að bæta við upplýsingum er nóg að svara þessum pósti.

Valgerður Rún Benediksdóttir

12.7.2024 09:23:44

Sæll Jón

Í 2. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu meðal allra íbúa sveitarfélagsins skuli sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hærra hlutfall í samþykkt um stjórn sveitarfélags en þó aldrei hærra en þriðjung þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi. Ég fann í fljótu bragði ekki samþykktir sveitarfélagsins á heimasíðunni ykkar en þið þurfið þá að skoða hvað þær segja um hlutfallið ef farið verður í atkvæðagreiðslu sbr. neðangreint.

Í 3. mgr. sömu greinar segir að ráðuneytið skuli í reglugerð mæla nánar fyrir um það hvernig staðið verði að söfnun undirskrifta eða annarri staðfestingu á ósk íbúa og er það reglugerð 155/2013 sem fjallar um þá undirskriftasöfnun.

Fyrst þarf sem sagt að fara í gegnum undirskriftasöfnun og það er svo niðurstaðan úr henni sem ræður því hvort að fara þarf í atkvæðagreiðslu.

Ef niðurstaðan er sú að farið verði í atkvæðagreiðslu þá segir í 3. mgr. 107. gr. laganna að atkvæðagreiðslan sé ráðgefandi fyrir sveitarstjórn nema hún ákveði að hún skuli binda hendur sveitarstjórnar til loka kjörtímabils.

Reglugerð [155/2013](#) er nokkuð skýr um ferlið varðandi undirskriftasöfnun svo ég hvet þig til að lesa hana vel og tel ekki ástæðu til að rekja hana sérstaklega en vil þó vekja athygli á 3. gr.

Í 3. gr. fjallað um mat og tilkynningu sveitarstjórnar. Þar er kveðið á um sveitarstjórn skuli innan fjögurra vikna frá því að hún fékk tilkynningu um undirskriftasöfnun meta hvort ákveði 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga hamli því

að unnt sé að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málið og tilkynna ábyrgðaraðila um niðurstöðu sína án tafar. Í 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga segir að almennrar atkvæðagreiðslu verði ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. og viðauka skv. 63. gr., um tekjustofna sveitarfélaga eða álagningu annarra lögheimilla gjalda, um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi, um laun og önnur starfskjör sveitarstjórnarmanna eða starfsmanna sveitarfélags eða tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins. **Þetta er sem sagt það sem sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til á þessu stigi máls, þ.e. hvort að umrædd grein hamli því að atkvæðagreiðsla fari fram. Ef svo er ekki ber sveitarstjórn að heimila hana.**

Síðan segir jafnframt í 3. gr. að sveitarstjórn skuli birta tilkynningu um fyrirhugaða undirskriftasöfnun á sama hátt og hún birtir tilkynningar sínar svo sem á heimasíðu sinni, öðrum vefmiðlum og/eða í héraðsfjölmiðlum. Í tilkynningunni skuli gera grein fyrir tilefni undirskriftasöfnunarinnar, tilgreina ábyrgðaraðila og hvenær henni skal vera lokið. Jafnframt skuli sveitarstjórn tilkynna Þjóðskrá Íslands um fyrirhugaða undirskriftasöfnun.

Með góðri kveðju,
Valgerður Rún



Valgerður Rún Benediktsdóttir (hún/she)

Yfirlögfræðingur

Beint innval: 515 4911

Netfang: valgerdur.run.benediktsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Jón Eiríkur Einarsson

11.7.2024 10:57:52

Sæl
Gætir þú liðsinnt mér í þessu máli, er okkur skylt að fara í þessa atkvæðagreiðslu, er okkur skylt að hafa hana bindandi?

Mbkv
Jón Eiríkur Einarsson
Oddviti Skorradalshrepps

Senta úr [Outlook fyrir Android](#)

From: Árný Guðrún Ólafsdóttir - THS <arny.gudrun.olafsdottir@skra.is>

Sent: Thursday, July 11, 2024 9:19:23 AM

To: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>

Cc: Kosningar - THS <kosningar@skra.is>

Subject: 2024061471 - Vegna beiðnar um fyrirhugaða atkvæðagreiðslu skv. sveitarstjórnarlögum

Sæll Jón Eiríkur

Friðrik Karl Friðriksson hefur aftur stofnað undirskriftasöfnun á grundvelli reglugerðar um almenna atkvæðagreiðslu nr. 155/2013 í tengslum við ákvörðun hreppsnefndar um að hefja óformlegar viðræður um sameiningu Skorradalshrepps við Borgarbyggð.

Samkvæmt upplýsingum frá Friðriki hefur hann sent erindi til sveitarstjórnar Skorradalshrepps vegna þessa. Liggur fyrir hvenær þetta erindi verður tekið fyrir hjá hreppsnefndinni? Áttu von á því að það náist fyrir 18. Júlí n.k.?

Hér að neðan er textinn sem Friðrik hefur sett í listann á Island.is, endilega farið vel yfir þetta og látið Friðrik og mig vita ef þið hafið einhverjar athugasemdir.

Heiti undirskriftalista:

Atkvæðagreiðsla: Samþykki eða höfnun formlegra sameiningarviðræðna við Borgarbyggð

Tilgangur undirskriftarlista:

Tilgangur undirskriftasöfnunarinnar er að gefa íbúum Skorradalshrepps tækifæri til að tjá hvort þeir vilji fara í formlegar sameiningarviðræður við Borgarbyggð, eða ekki. Ath.: ársreikning hreppsins 2023 á skorradalur.is “

Tímabil undirskriftarlista:

18.07.2024 – 15.08.2024

Kveðja / Best regards



Árný Guðrún Ólafsdóttir

Sérfræðingur / Specialist | Þjónusta

Gleði, Kraftur, Samvinna

Registers Iceland, Borgartúni 21, 105 Reykjavík Iceland
Sími/Tel: +354 515 5300 | www.skra.is



GRÆN SKREF

[Um Ábyrgð varðandi tölvupóst / Disclaimer](#)